

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 39.600.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 20.000 krónur að lágmarki og 200.000 að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 3.960.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990 með síðari breytingum, gildi fyrir árið 1997.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1996.

F. h. r.

Björg Thorarensen.

Tryggvi Þórhallsson.

Nr. 693

30. desember 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 4. gr., sbr. reglugerð nr. 375/1994, bætist við ný grein, 4. gr. a, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/96 frá 27. nóvember 1996 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1523/96 frá 24. júlí 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugum og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Uptaka framangreindrar reglugerðar (EBE) nr. 1617/93 í íslenskan rétt var ákveðin með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á

bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn og er greint frá sérstökum aðlögunum á reglugerðinni í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 17 28. júní 1994, bls. 114. Texta reglugerðarinnar er að finna í sérstakri útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 5, bls. 13-17.

Viðskiptaráðuneytinu, 30. desember 1996.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.